



Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ í gær var upplýst að Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri mun láta af störfum sem framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands 1. október nk.

Líney Rut, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra ÍSÍ í 14 ár og á um 20 ára starfsferil hjá sambandinu, mun áfram starfa fyrir ÍSÍ í öðrum verkefnum en hún situr meðal annars í framkvæmdastjórn Evrópusambands Ólympíu nefnda (EOC) og í ýmsum nefndum og ráðum fyrir ÍSÍ.

Staðgengill framkvæmdastjóra, Andri Stefánsson, mun taka við störfum Líneyjar Rutar en síðar verður farið í formlegt ráðningarferli.